

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2009.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2009 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort heldur sem er einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu rekstrarársins 2009.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatíð m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2009 er sem hér segir:

	kr.
Mjólk	64 hvert lítri
Egg	375 hvert kg
Kartöflur	48 hvert kg
Rófur	96 hvert kg
Lambakjöt	465 hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	336 hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	112 hvert kg
Ungnautakjöt	467 hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	427 hvert kg
Folaldakjöt	239 hvert kg
Annað kjöt af hrossum	100 hvert kg
Grísakjöt	350 hvert kg
Annað svínakjöt	247 hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	410 hvert kg
Annað fuglakjöt	315 hvert kg
Fiskur	250 hvert kg

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 2008.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.